



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Tjarnargötu 9,
101 Reykjavík

Sent í gegnum umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 6. júní 2024

Efni: Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, 1130. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi („**samtökin**“) vísa til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 4. júní 2024 þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um ofangreint mál. Frumvarpið kveður í *fyrsta lagi* á um að gildistími laga nr. 15/2024, sem mæla fyrir um tímabundinn rekstrarstuðning til rekstraraðila sem hafa orðið fyrir tekjufalli vegna náttúruhamfaranna í Grindavíkurbæ, verði framlengdur út árið 2024 en úrræðið hefði að óbreyttu runnið sitt skeið í lok júní 2024. Að auki er lagt til að styrkfjárhæðir geti numið hærri fjárhæðum fyrir tímabilið frá júlí til desember 2024 auk annarra nánar tilgreindra breytinga. Í *öðru lagi* er lagt til að heimilt verði að veita sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli laga nr. 94/2023 til 31. desember 2024 í stað 31. ágúst 2024. Í *þriðja lagi* er svo lagt til að það tímabil sem lögum um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 87/2023, er ætlað að ná til verði framlengt til 31. ágúst 2024, en ella hefði tímabilinu lokið 30. júní.

Samtök atvinnulífsins hafa tekið saman umsagnir um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði, sbr. umsögn dags. 19. febrúar 2024; um frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ ásamt Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, sbr. umsögn dags. 16. febrúar 2024; um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl. vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, dags. 31. janúar 2024; um framlengingu á tímabundnum stuðningi til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ ásamt Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, sbr. umsögn dags. 30. janúar 2024; um frumvarp til breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ), sbr. umsögn dags. 29. janúar 2024; og um frumvarp til laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, sbr. umsögn dags. 22. nóvember 2023. Samtökin vísa til fyrri umsagna að breyttu breytanda.

Tímabundinn rekstrarstuðningur til rekstraraðila (framlenging auk annarra breytinga)

Samtökin styðja að úrræðið um tímabundinn rekstrarstuðning verði framlengt. Hins vegar telja samtökin mikilvægt að tryggja að í lögin komi heimildarákvæði fyrir Skattinn sem heimilar heildstætt mat á málsatvikum þegar metið er hvort skilyrði 4. gr. laganna um fjárhagsstuðning séu uppfyllt. Þannig þurfi frumvarpið að mæla fyrir um undanþáguákvæði sem túlka ber þröngt en eigi við í sérstökum tilvikum. Ástæðan er sú að í ákveðnum tilvikum er fyrirtæki með mörg útibú eða starfsstöðvar. Hér mætti t.d. nefna að Fiskmarkaður Grindavíkur hefur orðið fyrir miklum tekjusamdrætti, en fiskmarkaðurinn er hluti af FMS. Þrátt fyrir framangreindan tekjusamdrátt uppfyllir FMS hf. ekki skilyrði um stuðning. Er sú niðurstaða eingöngu tilkomin vegna samruna tveggja fyrirtækja sem skekkir allan samanburð. Af þeim sökum er nauðsynlegt að bæta við lögin sérstöku ákvæði sem heimilar Skattinum að



meta málsatvik heildsætt við mat á því hvort rekstraraðili eigi rétt á stuðningi vegna náttúruhamfaranna í Grindavík.

Tímabundinn stuðningur til greiðslu launa (framlenging)

Rekstraraðilar með starfstöð í Grindavík hafa þurft að kljást við afar erfiðar aðstæður síðustu misseri. Reglulega þarf að loka starfstöðvum vegna gasmengunar eða hættu á eldgosi og það oft með stuttum fyrirvara. Þá þarf starfsfólk að ferðast langa leið til og frá vinnu, þar sem varanleg búseta í bænum er bönnuð en því fylgir kostnaður fyrir rekstraraðila í bænum og óþægindi fyrir starfsfólk. Stuðningur til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ hefur reynst fyrirtækjum í Grindavík afar mikilvægur og í raun forsenda þess að mörg þeirra hafa treyst sér til þess að halda starfsemi gangandi.

Nú ber senn að höndum háannatími ferðabjónustunnar. Það er því afar brýnt að framlengja þetta úrræði þannig að rekstraraðilum í Grindavík og þá einkum rekstraraðilum á sviði ferðabjónustu, verði gert kleift að halda úti starfsemi í sumar. Miklir hagsmunir eru í húfi en að óbreyttu munu rekstraraðilar ekki sjá sér fært að halda úti starfsemi. Fyrir liggur að óvissuástandið muni vara áfram og von á frekari eldgosum og jarðskjálftum á næstu misserum. Rekstraraðilar munu því áfram þurfa að kljást við skyndilegar lokanir og rýmingar.

Líkt og samtökin hafa rakið í umsögnum sínum um lög nr. 87/2023 fellur umtalsverður kostnaður á atvinnurekendur sem kjósa að greiða starfsfólki sínu laun eftir að starfsemi stöðvast. Ofan á launagreiðslur bætast við orlofslaun (10,17 - 13,4%), tryggingagjald (6,53%) og ýmis önnur launatengd gjöld og tryggingar. Þrátt fyrir þann stuðning til greiðslu launa sem löginn mæla fyrir um er ljóst að greiðsla launa til starfsfólks felur í sér umtalsverðan kostnað fyrir launagreiðendur (um 140 þús. kr. í orlof og launatengd gjöld í tilviki atvinnurekanda sem greiðir laun sem samsvara hámarksendurgreiðslu, kr. 633.000) og óljóst í hve langan tíma þeir treysta sér til þess að greiða launin. Úrræðið hefur þó gert þessum rekstraraðilum kleift að halda starfsemi gangandi við afar krefjandi aðstæður. Falli úrræðið úr gildi 30. júní nk. er fyrirséð að þessir rekstraraðilar munu þurfa að grípa til uppsagna. Mikil verðmæti eru fólgin í því fyrir samfélagið allt að sem flestir haldi virku ráðningarsambandi við vinnuveitanda og því fullt tilefni til að framlengja úrræðið að minnsta kosti fram yfir háannatíma ferðabjónustunnar. Styðja samtökin því framlengingu á úrræðinu.

SA styðja frumvarpið og mæla með að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Samtökin telja nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða sem miða að því að draga úr tjóni rekstraraðila og gera þeim kleift að viðhalda starfsemi sinni. Samtökin telja frumvarpið vera mikilvægan lið í þeim aðgerðum. Samtökin lýsa sig tilbúin til samtals og samráðs um hvernig best sé að haga slíkri framkvæmd.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðmar Guðmundsson